



**Félagsþjónusta Stranda
og Reykhólahrepps**

Reglur Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps um fjárhagsaðstoð

(Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er sameiginleg félagsþjónusta sveitarfélaganna, Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar)

I. Kafli

Markmið, skilgreiningar og ábyrgð

1.gr.

Markmið

Hverjum manni er skylt að framfæra sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

Sveitarfélögum ber að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna geti þau ekki séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna þeirra vegna þátttöku í þroskavænlegu félagsstarfi. Í sambandi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum, og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram. Sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Mat á fjárförf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur. Heimilt er að lækka grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í ákveðnum tilvikum. Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á og fjárhagsaðstoð veitt í samhengi við aðra þjónustu og stuðning sem umsækjandi fær.

3.gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi vegna slysa, veikinda eða af öðrum orsökum er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn. sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

4.gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungs veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna. Óheimilt er að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess. Lán eru vaxtalaus.

5. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði.

Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Umboðsmanns Skuldara, ef við á.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

6. gr.

Vímuefnaneysla

Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð séu þeir í neyslu áfengis eða annarra vímuefna. Sá möguleiki er þá fyrir hendi að bjóða þeim aðstoð til að fara í áfengis- eða vímuefnameðferð með greiðslu ferðakostnaðar og vasapeninga og aðstoðar vegna dvalargjalds á áfangaheimili.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð allt að fjóra mánuði aftur í tímann frá því að umsókn er lögð fram. sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rökstuddar ástæður þurfa að liggja fyrir ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

II. Kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

8.gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðum sveitarfélaganna - hjá Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. Einnig er hægt að nálgast eyðublöð á skrifstofu félagsþjónustunnar að Hafnarbraut 25 á Hólmavík.

Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 3. gr. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir:

- a) Umsókn undirrituð af umsækjanda eða talsmanni hans skv. formlegu umboði. Í umsókninni eiga að koma fram upplýsingar um lögheimili, sambúðarstöðu, fjölskylduhagi, húsnæðisaðstæður og ástæður umsóknar.
- b) Skattframtal, álagningarseðill, staðgreiðsluskrá umsækjanda og launa- og/eða greiðsluseðlar fyrir tvo síðustu mánuði og þegar við á greiðsluáætlun frá Tryggingastofnun ríkisins og/eða Fæðingarorlofsjóði. Skila skal sömu upplýsingum fyrir maka eða sambúðaraðila. Einnig ber að skila erlendu skattframtali hafi viðkomandi eða sambúðaraðili búíð erlendis á yfirstandandi ári eða síðasta tekjuári. Erlendum ríkisborgurum ber að skila inn staðfestingu á eignastöðu sinni í ríkisfangslandi og þegar við á yfirliti yfir tekjur vegna eigna.
- c) Upplýsingar um tekjur og eignir þ.m.t. greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélag, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum aðilum, innanlands eða erlendis. Ef svo ber undir þarf umsækjandi að skila inn stöðuyfirliti í bönkum, sparisjóðum eða öðrum fjármálastofnunum. Skila ber afriti af húsaleigusamningi ef hann er fyrir hendi. Jafnframt ber að skila afriti af ökutækjaskrá frá Samgöngustofu. Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um lánhæfismat og skuldastöðuyfirlit hjá Creditinfo þegar sótt er um ábyrgðaryfirlýsingu/lán skv. 30. gr.

9.gr.

Atvinnuleysi, veikindi og lögheimilisskráning

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá Vinnumálastofnun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknavottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa búsetutímavottorði frá Þjóðskrá sem staðfestir fyrstu lögheimilisskráningu á Íslandi. Réttur til fjárhagsaðstoðar myndast þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis í landinu.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er erlendur ríkisborgari utan EES ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi og staðfestingu á fyrstu lögheimilisskráningu á Íslandi. Ekki kemur til fjárhagsaðstoðar fyrr en að þremur mánuðum liðnum frá skráningu lögheimilis í landinu nema þegar um ræðir umsækjanda sem fellur að leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökubjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks.

Beri umsókn og fylgigögn hennar ekki með sér nauðsynlegar upplýsingar um framangreind atriði skal starfsmaður tilkynna umsækjanda hvaða gögn skorti og hvaða afleiðingar slíkt geti haft. Jafnframt skal leiðbeina umsækjanda um hvert hann skuli leita til að afla viðkomandi gagna eða til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína.

10.gr.

Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsþjónustunni heimilt að greiða sem nemur ½ grunnfjárhæð þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningum frá vinnumálastofnum án viðhlítandi skýringa.

11 .gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda

Velferðarnefnd getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans. Skylt er að veita Velferðarnefnd eða starfsmönnum hennar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt Velferðarnefnd og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitafélaga.

III. Kafi

Réttur til fjárhagsaðstoðar Útreikningur fjárhagsaðstoðar

12.gr.

Grunnfjárhæðir

Fjárhagsaðstoð til einstaklinga 18 ára og eldri miðast við grunnfjárhæð að kr. 227.356,- á mánuði. Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neysluvísitölu og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana. Grunnfjárhæðin var endurskoðuð í janúar 2024.

Grunnfjárhæðin hækkar miðað við fjölskyldustærð eftir því sem hér segir:

Einstaklingur	Grunnfjárhæð	X	1	kr. 227.356
Tveggja manna fjölskylda	--	X	1.6	kr. 363.769
Þriggja manna fjölskylda	--	X	1.8	kr. 409.240
Fjögurra manna fjölskylda	--	X	2.0	kr. 454.712
Fimm manna fjölskylda	--	X	2.2	kr. 500.183
Sex manna fjölskylda	--	X	2.4	kr. 545.654

og svo framvegis þannig að hækkun vegna hvers fjölskyldumeðlims nemur 0.2.

13.gr.

Tekjur og eignir umsækjanda og maka

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur, meðlög, barnabætur, mæðra-/feðralaun, leigutekjur, o.s.frv. og koma til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili peningaeignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og nauðsynlegt ökutæki eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal umsækjanda vísað á lánafyrirgreiðslu banka og sparissjóða þó að tekjur viðkomandi séu undir viðmiðunarmörkum.

14.gr.

Greiðslur meðlags

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma sem hann fær fjárhagsaðstoð. Þá hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjú mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Sérákvæði

15.gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

16.gr.

Mat á tekjum bænda

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárbörf skal miða við grunnfjárbörf, sbr. 12. gr.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra ástæðna

17.gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum og fjölskyldum sem glíma við mikla félagslega erfiðleika fjárhagsaðstoð vegna barna þeirra. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmstundarstarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði. Einnig er heimilt að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miða við að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

Í sérstökum undantekningartilfellum og um er að ræða brýna þörf á sérstökum meðferðar- og/eða stuðningsúræðum er heimilt að veita styrk fyrir útlögðum kostnaði í heild eða hluta. Í þeim tilfellum skal ætíð liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram koma markmið með aðstoðinni og skal hún vera tímabundin og endurskoðuð á þriggja mánaða fresti. Þessari undanþágu er heimilt að beita í þeim tilfellum þar sem foreldrar eru í miklum fjárhagserfiðleikum en undanþágan er ekki bundin við tilvik þar sem foreldrar eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Einstaklingur yngri en 18 ára á ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

18.gr.
Námsstyrkir

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og miðast aðstoðin við grunnfjárhæð ásamt skólagjöldum og bókakostnaði.

- a) Til einstaklinga 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika.
- b) Til einstæðra foreldra 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir einni milljón króna undanfarna tólf mánuði.
- c) Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða hafa þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok. Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi fái starfsréttindi eða geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af skólasókn og námsframvindu. Heimilt er að stöðva greiðslur til einstaklinga sýni þeir ekki fram á 75% námsárangur miðað við fullt nám, s.s. 18 einingar í framhaldsskóla á önn.

19.gr.
Styrkur vegna húsbúnaðar

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- b) Til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- c) Til ungra foreldra á aldrinum 18-24 ára, sem eru eignalausir, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að 110.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 55.000 kr. Húsbúnaðarstyrkir greiðast að jafnaði í eitt skipti.

20.gr.
Greiðsla sérfræðiaðstoðar

- I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir grunnfjárhæð og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:
 - a) Hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur.
 - b) Eru lífeyrisþegar.
 - c) Hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

- II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í umfangsmeiri aðstoð:
- Einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
 - Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk eru 10 tímar á ári.

21.gr.

Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki kostað útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignaryfirlýsingar, sbr. 25 gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns. Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar. Viðmiðunarmörk eru 176.000 kr.

22.gr.

Öryggishnappur

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða tekjur nái ekki grunnfjárhæð og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima. Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.

23.gr.

Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- Vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, skriðufalla, snjóflóða eða annarra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilstryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.
- Þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 110.000 kr.

24.gr.

Lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum þar á undan lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

25.gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþingreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- b) Að fyrir liggja yfirlit um fjárhagsstöðu umsækjanda.
- c) Að fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarandi sex mánuði eða lengur. Lán skal ekki veitt ef ljóst er umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því. Hámark láns eða styrks er 330.000 kr.

26.gr.

Sérstök fjárhagsaðstoð í desember

Veita skal þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfellt, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð. Einnig er heimilt er að veita þeim sem hafa tekjur þær sömu eða lægri en grunnfjárhæð samsvarandi uppbót.

27.gr.

Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu og eða annarra sérstakra aðstæðna

Heimilt er að veita einstaklingum sem taka þátt í markvissum stuðningi sérstaka aðstoð með það að markmiði að styrkja hann til sjálfshjálpar. Með aðstoðinni er miðað að því að viðhalda árangri sem náðst hefur með stuðningsvinnu. Skilyrði er að umsækjandi eigi, eða hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum og hafi, að mati ráðgjafa, raunverulegan áhuga á endurhæfingu.

Einnig er heimilt að veita styrk til foreldra vegna sérstakra þarfa barna enda sé það hluti af umfangsmikilli stuðningsáætlun og til þess fallið að tryggja að árangur vinnu í máli viðkomandi viðhaldist.

Viðmiðunarmörk fjárhæðar eru ein grunnfjárhæð einstaklings á ári.

28.gr.

Sérstök aðstoð til endurhæfingar

Heimilt er að veita einstaklingum sem taka þátt í markvissum stuðningi sérstaka aðstoð. Skilyrði er að umsækjandi eigi, eða hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum og hafi, að mati ráðgjafa, raunverulegan möguleika á endurhæfingu. Gerður skal samningur um félagslega ráðgjöf og þegar við á endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í áætlun skulu koma fram markmið, tímaáætlun, ábyrgð viðkomandi og tilgreind tegund aðstoðar, eftirfylgni og reglubundið mat á árangri. Miða skal við að aðstoð samkvæmt greininni sé einungis veitt einu sinni og að hámarki í 6 mánuði til hvers einstaklings. Hámark styrkveitingar samkvæmt

greininni getur numið allt að kr. 150.000,- á mánuði og endurskoðast á minnst 3ja mánaða fresti.

29. gr.

Heimild vegna sérstakra aðstæðna

Heimilt er að veita fólki með tekjur við eða undir grunnfjárhæð styrk/lán vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika sérstaka aðstoð til kaupa á nauðsynjum svo sem fatnaði, eða hjálpartækjum á borð við gleraugu eða heyrnartæki. Styrkuppghæð miðast við sambærilega styrki hjá Sjúkratryggingum Íslands.

V. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV, og XVI kafla laga um félagsþjónustu sveitafélaga.

30.gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef Velferðarnefnd berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarnefnd skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál séu nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

31.gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda við meðferð umsóknar. Við ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmanns hans ef við á.

32.gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í Velferðarnefnd kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangist ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

33.gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

34.gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitafélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

35. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur Velferðarnefnd endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar. Liggi fyrir að ofgreiðslu megi rekja til rangra eða villandi upplýsinga er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kann að öðlast rétt á síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði gengið lengra en svo við skuldajöfnuð að umsækjandi geti áfram séð fyrir sér og sínum, sbr. 12. gr. laga nr. 40/1991.

36. gr.

Heimildir ákvarðana samkvæmt reglum þessum og kynning á ákvörðun

Sveitarstjóri getur tekið ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Velferðarnefndar. Umsækjandi getur vísað máli sínu til Velferðarnefndar en skal gera það innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er og ákvörðunin kynnt umsækjanda tryggilega sem og réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

37.gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Velferðarnefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu hjá Velferðarráðuneytinu. Skal það gert inna fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun nefndarinnar.

38.gr.

Samþykkt

Reglur þessar voru samþykktar í Velferðarnefnd Stranda- og Reykhólahrepps þann 6. mars 2024.